

Úrskurður
úrskurðarnefndar raforkumála
í máli nr. 1/2014

A

gegn

Orkustofnun

Fimmtudaginn, 25. september 2014, kvað úrskurðarnefnd raforkumála upp eftirfarandi úrskurð í kærumáli A, (hér eftir kærandi), á hendur Orkustofnun, Grensásvegi 8, 108 Reykjavík. Málið hefur fengið númerið 1/2014.

I. Kæruefni og kröfur kæranda

Með tölvupósti, dags. 9. janúar 2014, kærir kærandi ákvörðun Orkustofnar, dags. 10. desember 2013, um að aðhafast ekkert frekar vegna kvörtunar kæranda um samskipti hans við RARIK.

Af hálfu kæranda eru gerðar kröfur í sex liðum. Úrskurðarnefndin telur setja megi þær fram á eftirfarandi hátt:

1. að uppgjörsreikningur¹ frá RARIK að fjárhæð 190.000 kr. verði felldur niður,
2. að aflestrarmælir verði strax settur upp við eitt af húsum á orlofssvæði kæranda eða tengdur við götukassa í landi hans,
3. að við sölu á sumarhúsum kæranda á orlofshúsavæði í hans eigu verði aflestrarmælar settir upp honum að kostnaðarlausu,
4. að endurgreidd verði oftekin gjöld þar sem kærandi er eigandi heimtauga og að endurgjald fyrir dreifingu raforku verði lækkað af sömu ástæðu.
5. Þá krefst kærandi að RARIK greiði sér leigu fyrir landnotkun vegna heimtaugar og sölu á raforku til annarra notenda. Krafa þessi er að mati úrskurðarnefndarinnar skilyrt þannig að hún komi aðeins til álita ef RARIK fer ekki að kröfum samkvæmt 2. og 3. lið hér að ofan.

Kröfur kæranda hafa tekið breytingum við vinnslu málsins eins og nánar er gerð grein fyrir í málsatvikalyssingu.

II. Málsatvik

Kærandi er eigandi að landareign. Árið 1993 flutti kærandi sjö orlofshús á skipulagt orlofssvæði á landareign sinni. Hinn 18. maí 1995 óskaði kærandi eftir tengingu við dreifikerfi RARIK en kærandi mun hafa verið í viðskiptum við RARIK frá árinu 1990 vegna eldra íbúðarhúss á sömu landareign. Í umsókn um tengingu kemur fram að um sé að ræða

¹ Kærandi vísar til „endurmatsreiknings“ í málatalbúnaði sínum.

hverfi með orlofshúsum til útleigu og hefur verið ritað inn á umsóknina: „óskað er eftir einni mælingu“, á umsókninni kemur fram nafn rafvirkja og er hún undirrituð af kæranda. Af hálfu RARIK hefur verið ritað inn á eyðublaðið: „Umsækjandi ætlar sjálfur að annast dreifingu um hverfið og bera allan kostnað og ábyrgð á henni, þ.m.t. stofntengi“. RARIK lagði ekki heimtaug að húsunum heldur var sett upp spennistöð við rafmagnsstaur á eða við landareignina. Verktakar á vegum kæranda lögðu heimtaug frá spennistöðinni í götukassa sem kærandi hafði keypt ásamt lögnum inn í einstök hús. Gögn málsins bera ekki með sér að ágreiningur hafi verið milli kæranda og RARIK um framkvæmdir vegna tengingar sumarhúsanna þegar húsin voru tengd í upphafi.

Árið 2008 þurfti að hætta notkun eldri spennistöðvar vegna fjölgunar orlofshúsaeigenda á svæðinu, stærri spennistöð sett upp og mælaskápur færður að þeirri spennistöð. Þann 12. október 2012 var opnað fyrir afhendingu raforku til kæranda eftir að veitan hafði verið lokuð í tvö ár. RARIK krafðist opnunargjalds sem kærandi gagnrýndi. Ársnotkun var þá áætluð 2000 kWh og mánaðarlegur áætlunarreikningar gefnir út til samræmis við það. Við álestur af mæli þann 25. maí 2013 kom í ljós að notkun á tímabilinu hafði verið 21.000 kWh umfram það sem reikningar samkvæmt áætlun höfðu verið gefnir út fyrir. Gefinn var út uppgjörsreikningur til samræmis við þetta, ásamt áætlaðri notkun fyrir næsta mánuð, sem kæra þessi varðar meðal annars.

Með bréfi til Orkustofnunar, dags. 31. júlí 2013, kvartaði kærandi yfir viðskiptasambandi sínu við RARIK. Kærandi taldi RARIK hafa meinað honum aðgang að aflestrarmæli í mælaskáp eftir að spennistöð var stækkuð árið 2008. Kærandi hafi ítrekað óskað eftir aðgangi að aflestrarmæli en ekki hafi verið orðið við því. Kærandi hafi greitt opnunargjald og mánaðarlegar greiðslur samkvæmt áætlun en síðar hafi kærandi fengið uppgjörsreikning sem hann taldi rangan. Kærandi taldi sig ekki geta fylgst með eigin raforkunotkun þar sem hann hafði ekki aðgengi að aflestrarmæli og krafðist hann þess meðal annars að uppgjörsreikningurinn yrði felldur niður og að settur yrði upp aflestrarmælir við eitt af húsum kæranda sem myndi auðvelda honum að fylgjast með eigin rafmagnsnotkun. Í bréfi kæranda heldur hann því fram að jafnræðis hafi ekki verið gætt í samskiptum hans við RARIK þar sem hann hafi ekki haft aðgang að aflestrarmæli líkt og aðrir viðskiptavinir RARIK. Kærandi vísaði jafnframt til ákvæða raforkulaga nr. 65/2003 um skaðabætur til landeiganda og eignarnám vegna umferðarréttar dreifiveitna. Krafðist kærandi þess að fá greiddar bætur fyrir lagningu RARIK á raflögnum um land kæranda til nokkurra lóðareiganda en umræddar lóðir hafði kærandi selt úr jarðskika sínum. Kærandi gerði einnig kröfu um að sett yrði fast gjald fyrir dreifingu og flutning raforku í orlofshús sín, í stað þess að greiða samkvæmt gjaldskrá, þar sem RARIK hafi engan kostnað í samræmi við keypt orkumagn notenda sem kærandi kaupi af Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkustofnun sendi RARIK erindi kæranda til umsagnar og barst minnisblað RARIK þann 5. september 2013. Í minnisblaðinu er farið yfir málavexti og kröfur kæranda. Í fyrsta lagi féllst RARIK ekki á að fella niður reikning á sannanlega afhendri raforku þar sem notkun var umfram áætlun. RARIK hafi ekki verið tilkynnt um breytta raforkunotkun. Í öðru lagi telur RARIK kæranda hafa aðgang að aflestrarmæli í mælikassa við spennistöð. Í þriðja lagi hafnar RARIK bótkröfu vegna afnota af landi undir lagnir og í fjórða lagi hafnar RARIK að víkja

frá útgefinni verðskrá sinni vegna dreifingar raforku til kæranda þar sem sú verðskrá sé í samræmi við 25. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005.

Kæranda var send umsögn RARIK og var honum gefinn kostur á að gera athugasemdir. Sjónarmið kæranda bárust Orkustofnun þann 3. október 2013. Í veigamiklum atriðum er kærandi ósammála athugasemdum RARIK. Hann telur að ekkert samráð hafi verið haft við hann um staðsetningu mælaskáps við spennistöðina. Kærandi hafi alltaf viljað aflestrarmæli við eitt orlofshúsa sinna. Kærandi heldur því fram að hann hafi ekki fengið lykil afhendan til að komast að aflestrarmæli og því hafi hann ekki haft aðgang að honum. Fullyrðingar RARIK séu því ósannar. Kærandi telur út frá lögum nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, að fella eigi niður uppgjörsreikning þar sem hann hafi ekki getað fylgst með raforkunotkun sinni. Jafnframt ítrekar hann kröfur sínar um að RARIK beri að greiða fyrir afnot af landi sínu undir lagnir til orlofshúsa í eigu annarra en kæranda.

Þann 30. október 2013, bárust Orkustofnun athugasemdir RARIK, dags. 28. október 2013, vegna sjónarmiða kæranda ásamt fylgigönum. Í þeim kemur fram að RARIK geri ekki samning um tengingu við einstaka notendur heldur sé litið svo á að samþykkt umsókn um tengingu sé grundvöllur að samningssambandi milli RARIK og viðskiptavinar. Varðandi fullyrðingar kæranda um að ekki hafi verið haft samráð við hann um staðsetningu mælaskáps tilgreinir RARIK að á umsókn um heimtaug þá tilgreini viðskiptavinir hvar óskað sé eftir að fá raforku afhenta. Kærandi hafi óskað eftir að dreifa orku á milli húsa með eigin kerfi og varð RARIK við þeirri beiðni með því að staðsetja mæli í mælaskáp við spennistöð. Fyrirkomulagið hafi verið með þessum hætti að frumkvæði kæranda og skýrt komi fram í upphaflegri kvörtun kæranda til Raforkueftirlits Orkustofnunar að kærandi hafi haft aðgang að mælaskápnum. Varðandi staðhæfingu kæranda um að afhendingarkassi rafmagns með aflestrarmæli kæranda hafi verið fluttur í nýjan stærri kassa sem kærandi hafði ekki aðgang að tekur RARIK fram að aðgangur kæranda hafi ekki breyst með breyttri staðsetningu.

Tveir starfsmenn Orkustofnunar fóru í vettvangsskoðun á umræddan mælistað þann 19. nóvember 2013 til að kanna aðgang kæranda að aflestarmæli. Skoðunarmenn skiliuðu skyrslu þar sem fram komi að auðvelt væri að komast að spennistöð og mælakassa. Til að opna mælakassa og komast að aflestrarmæli þurfí þríhyrningslykil en engin önnur hindrun væri til staðar.

Þann 10. desember 2013 sendi Orkustofnun kæranda hina kærðu ákvörðun vegna kvörtunar hans um samskipti við RARIK. Í ákvörðuninni kemur fram að kærandi hafi aðgang að aflestrarmæli í mælaskáp við spennistöð og að viðskiptasamband kæranda við RARIK sé í samræmi við samning sem báðir aðilar samþykktu. Orkustofnun taldi RARIK ekki hafa brotið jafnræðisreglu við afgreiðslu málsins. Umráð kæranda yfir landareign hans hafi ekki verið skert með neinum hætti og því sé ekki um eignarnám að ræða. Jafnframt væri ekki skilyrði til greiðslu skaðabóta þar sem ekki væri sýnt fram á tjón kæranda.

Í ákvörðuninni kemur fram að ákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli raforkulaga sæti skriflegri kæru til úrskurðarnefndar raforkumála innan 30 daga.

III. Málsmeðferð

Kæran var send formanni úrskurðarnefndar með tölvupósti þann 9. janúar 2014 og var hún sett fram án fylgigagna. Kröfur kæranda voru að mati nefndarinnar óskýrar. Í ljósi þessa ákvað nefndin að gefa kæranda kost á að skyra kröfu sína og koma að gögnum. Frekari röksemadir kæranda bárust nefndinni þann 8. febrúar 2014. Orkustofnun og RARIK var með bréfum, dags. 2. febrúar 2014, gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við kæruna. Viðbótargögn kæranda voru send Orkustofnun og RARIK þann 11. febrúar 2014. Athugasemdir RARIK bárust þann 12. febrúar 2014. Athugasemdir Orkustofnunar bárust með bréfi, dags. 24. febrúar 2014.

Með bréfi, dags. 5. mars 2014, var kæranda gefinn kostur á að skila inn sjónarmiðum sínum vegna athugasemda Orkustofnunar, frestur var gefinn til 19. mars 2014. Kærandi óskaði frekari frests og var hann veittur til 24. mars 2014. Sjónarmið kæranda bárust þann 24. mars 2014.

Með bréfi, dags. 13. apríl 2014, óskaði úrskurðarnefnd eftir útskýringum kæranda á því hvort í athugasemdum hans fælu í sér nýja kröfugerð. Í tölvubréfi frá kæranda þann 6. maí 2014 kom fram að breytingar hafi orðið á kröfum kæranda. Í tölvubréfi frá úrskurðarnefndinni þann 8. maí 2014 óskaði nefndin eftir tæmandi útlistun á kröfum kæranda. Endanleg kröfugerð kæranda barst nefndinni þann 15. maí 2014 og er hún fyrr rakin.

Með bréfi, dags. 18. maí 2014, var Orkustofnun og RARIK gefinn kostur á að skila inn sjónarmiðum sínum vegna athugsemda kæranda frá 24. mars 2014 og breytinga á kröfugerð frá 15. maí 2104. Athugasemdir RARIK bárust þann 28. maí 2014 og athugasemdir Orkustofnunar þann 6. júní 2014.

Með bréfi, dags. 9. júní 2014, var kæranda gefinn kostur á að skila inn sjónarmiðum vegna síðari athugsemda Orkustofnunar og RARIK, frestur var gefinn til 24. júní 2014. Þann 3. júlí 2014 óskaði kærandi eftir fresti og var frestur veittur til og með 25. júlí 2014. Engin frekari gögn hafa borist frá kæranda.

IV. Málsástæður og rök kæranda

Vegna krafna um niðurfellingu uppgjörsreiknings bendir kærandi á að honum hafi verið meinað um aðgang að aflestrarbúnaði og því hafi hann ekki getað fylgjast með raforkunotkun sinni. Slík staða hafi skapað ójöfnuð á viðskiptasambandi kæranda við RARIK og aðgreint hann þannig frá öllum öðrum viðskiptamönnum RARIK sem fylgst geta með raforkunotkun sinni. Í þessu samhengi bendir kærandi á 5., 6., og 7. tölul. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga þar sem fjallað er um starfssemi og skyldur dreifiveitna.

Kærandi fullyrðir að hann hafi ekki fengið lykil að mælaskáp og því hafi hann ekki getað fylgst með raforkunotkun sinni. Kærandi heldur því fram að mælaskápur/spennistöð² hafi verið læst með hengilás. RARIK hafi þó verið sammála um að hann yrði að hafa aðgang að

² Það skal tekið fram að kærandi gerir ekki í öllum tilvikum greinarmun á spennistöð og mælaskáp í málatilbúnaði sínum.

aflestrarmæli en að sá mælir hafi aldrei borist. Hjá RARIK hafi kærandi fengið þau svör að hann gæti ekki fengið aðgang að sínum aflestrarmæli þar sem aðrir notendur væru að fá rafmagn frá sömu spennustöð. Kærandi yrði því að fá mann frá RARIK til að lesa af mælinum. Kærandi segir að RARIK hafi viðurkennt fyrir sér að um óeðlilegt ástand væri að ræða og honum hafi verið lofaður aflestrarmælir.

Kærandi segir jafnframt að sér hafi verið tjáð að hann fengi rafmagn sitt úr spennistöð austan við landareign sína, sem læst er með hengilás, en það hafi komið í ljós við vettvangsskoðun og rétt sé að hann fái rafmagn úr spennistöð vestan jarðarinnar, sem læst er með þríhyrningslykli. Kærandi heldur því fram að honum hafi ekki verið tilkynnt um flutning á milli spennistöðva.

Kærandi mótmælir fullyrðingum RARIK um að hann hafi haft aðgang að mælaskáp og heldur því fram að ekkert samráð hafi verið haft við hann um staðsetningu á mælaskáp. Að mati kæranda hvíli það á RARIK að sýna fram á að lykill að skáp með aflestrarmæli hafi verið afhentur.

Vegna kröfу um að settur verði upp aflestrarmælir við eitt af orlofshúsum kæranda tekur hann fram að ekki sé rétt að í viðskiptasamningi hans við RARIK hafi falist samkomulag um að hafa aflestrarmæli langt frá orlofshúsum kæranda. Hið rétta sé að RARIK hafi ekki viljað tengja mæli við eitt húsanna.

Kærandi mótmælir því að gildur samningur hafi verið undirritaður um lagningu rafmagns í orlofshús á landareign sinni. Kærandi heldur því fram að hann hafi sett munnlega það skilyrði fyrir lögnum á landareigninni að hann fengi aflestramæla í sín orlofshús.

Vegna kröfу um að endurgreidd verði oftekin gjöld tekur kærandi fram að hann kaupir raforku sína frá Orkuveitu Reykjavíkur og greiðir samkvæmt aflestrarmæli. Jafnframt greiðir kærandi samkvæmt aflestrarmæli fyrir notkun á spennistöðinni. Að auki greiði hann gjald af notkun aflestrarmælis, notkun loftstrengja og af lögnum í jörð sem flytja rafmagnið til hans. Kærandi segir RARIK halda því fram að það sé venja að kaupendur rafmagns með mörg hús fái aflestrarmæli með heimlögn í að minnsta kosti eitt hús. Kærandi segir að svo hafi ekki verið í sínu tilfelli, hann hafi sjálfur greitt allt raflagnaefni, vinnu rafverktaka fyrir lagningu heimtaugar, götukassa og lagnir milli húsa. Þrátt fyrir framangreint sé ekki gerður greinarmunur á raforkuverði til kæranda samanborið við aðra notendur sem ekki hafa staðið sjálfir í kostnaði vegna heimtaugar og götukassa. Kærandi telur eðlilegt að hann greiði raforkunotkun sína til Orkuveitu Reykjavíkur en telur að ekki séu tengsl milli þeirrar notkunar og þess kostnaðar sem hann þurfi að greiða til RARIK. RARIK flytji rafmagnið að spenni þar sem kærandi taki við því og flytji í sitt hús. Kærandi gagnrýnir að hann sé rukkaður fyrir notkun á eigin heimtaug sem hann bar sjálfur kostnað af lagningu. Kærandi telur það réttmæta kröfu að afgjaldið verði lægra til hans en samkvæmt almennum taxta. Kærandi telur að RARIK beri að leggja fram upphaflegan viðskiptasamning og útskýra hvernig gjald samkvæmt gjaldskrá skiptist milli afnota á höfuðstrengjum, spennistöðvum og heimtaugum.

Kærandi gerir kröfu um leigu fyrir landnotkun og færir fram þau rök að hann hafi orðið fyrir kostnaði vegna lagna í jörðu meðfram vegi á landareigninni þar sem landið sé frátekið vegna lagnanna og engin nýting geti átt sér stað. Þar verði heldur ekki lagðar aðrar lagnir, líkt og

vatnslagnir vegna hættu á að raflagnirnar skemmist við framkvæmdir. Jafnframt myndist rafsegulssvið umhverfis slíkar lagnir. Grafa verið rafstrengi vel í jörðu til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á fólk. Raflagnir sem þessar rýri notkunarmöguleika lands og því beri að mati kæranda að koma bætur fyrir.

Kærandi gagnrýnir að starfsmenn Orkustofnunar hafi farið á vettvang án samráðs við sig. Jafnframt óskar kærandi eftir því að RARIK geri grein fyrir því hvenær afhendingarspennistöð breyttist og hvenær kæranda hafi verið tilkynnt um þá breytingu. Kærandi gerir athugasemdir við að Orkustofnun hafi ekki tekið tillit til sjónarmiða sinna heldur byggt niðurstöðu ákvárdanar sinnar eingöngu á skýringum og fullyrðingum RARIK um málsatvik.

V. Athugasemdir Orkustofnunar

Orkustofnun mótmælir sem röngum þeim ásökunum kæranda að ekki hafi verið gætt jafnræðis við ákvörðunartöku stofnunarinnar og stofnunin hafi ekki tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem málshefjandi lagði áherslu á en aðeins byggt ákvörðun sína á athugasemnum RARIK. Orkustofnun heldur því fram að vandaðra stjórnsýsluháttu hafi notið við í allri málsmeðferðinni. Stofnunin hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni af öllum mætti og til hins ýtrasta miðað við framkomin gögn kæranda. Aðilar máls hafi fengið andmælarétt við framkomnar upplýsingar og hafi RARIK verið krafð um framlagningu gagna máli sínu til stuðnings.

Vegna kröfu kæranda um niðurfellingu á uppgjörsreikningi vegna skorts á aðgengi bendir Orkustofnun á að viðskiptasamband kæranda við RARIK byggist á samningi sem báðir aðilar samþykktu og grundvallast á ósk kæranda um tengingu við kerfi RARIK. Almennt er heimtaug lögð í hvert orlofshús í samræmi við tæknilega tengiskilmála. Í framangreindum samningi komi fram að umsækjandi (kærandi) ætti að annast sjálfur dreifingu um hverfið og bera kostnað af því ásamt því að óskað er eftir einni mælingu. Orkustofnun þykir ljóst að kærandi óskaði eftir því að afhendingarstaður rafmagns væri í umræddum mælaskáp þar sem aflestrarmælir myndi sýna heildarnotkun orlofshúsanna.

Kærandi hafi í kvörtunarbréfi sínu, dags. 31. júlí 2013, haldið því fram að stækkun á spennistöð hafi orðið til þess að hann gat ekki fylgst með raforkunotkun sinni. Við málsmeðferðina kannaðist RARIK ekki við að breyting hefði orðið á aðgengi kæranda að aflestrarmæli. RARIK útskýrði að gamli afhendingarkassinn hefði verið fluttur til og færður að nýjum spenni en aðgangur kæranda hafi verið óbreyttur. Vettvangskönnun Orkustofnunar hafi jafnframt leitt í ljós að mælaskápurinn hafi ekki verið læstur með hengilás heldur var hægt að opna hann með þríhyrningslykli. Við málsmeðferðina hafi RARIK fullyrt að um væri að ræða samskonar læsingu og er á deilikössum kæranda á landareign hans. Jafnframt geti kærandi óskað eftir slíkum lykli.

Orkustofnun bendir á ósamræmi milli fullyrðinga kæranda í kæru og í upphaflegri kvörtun sinni til stofnunarinnar. Í kæru hafnar kærandi því að gert hafi verið samkomulag um staðsetningu aflestrarmælis í mælaskáp og fullyrðir að hann hafi ekki fengið lykil og því ekki getað fylgst með notkun sinni. Þetta er í andstöðu við hina upphaflegu kvörtun þar sem fram

hafi komið að kærandi hafi haft aðgengi að mælaskáp. Orkustofnun gerir jafnframt athugasemdir við orðnotkun kæranda sem talar ýmist um „aðgengi að spennistöð“ eða „aðgengi að afhendingarskáp“. Spennistöðvar RARIK séu allar læstar með hengilás enda engan aflestrarmæli að finna inn í þeim. Aflestarmælir kæranda sé hins vegar staðsettur í afhendingarskáp/mælaskáp við hlið spennistöðvarinnar og læstur með þríhyrningslykli.

Orkustofnun tekur fram að ekkert bendi til annars en að aflestrarmælir fyrir heimtaug kæranda sé staðsettur í mælaskáp við hlið spennistöðvar nr. S062 vestan megin við orlofssvæðið. Orkustofnun fái ekki séð að RARIK hafi brotið gegn ákvæðum. 5. - 7. tölul. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga og hamlað aðgengi kæranda að aflestrarmæli. Orkustofnun telji því ekki að RARIK hafi brotið jafnræðisreglur við afgreiðslu máls kæranda og að ekki sé ástæða til að krefjast endurgreiðslu á uppgjörsreikningi.

Orkustofnun bendir á að kærandi krefjist endurgjalds vegna notkunar á landi undir götukassa og rafmagnskapla meðfram göngustígum. Kærandi fullyrði að landið sé ónothæft vegna þessa. Í hinni kérðu ákvörðun gerði Orkustofnun grein fyrir grundvelli bótaskyldu eignarnámsþola við eignarnám og jafnframt hvort um eignarnám hafi verið að ræða í þessu tilviki.

Orkustofnun hafnar því að lagning heimtauga í framangreindar lóðir hafi með nokkru móti skert umráðarétt kæranda yfir landareigninni. Lagnirnar hafi verið lagðar í þá vegi sem fyrir voru og grafnir voru skurðir á eignarlóðum viðkomandi lóðareigenda. Jafnframt bendir Orkustofnun á að í umsókn kæranda um tengingu við raforkukerfi RARIK hafi kærandi afsalað sér öllum bótum vegna framkvæmda á landareigninni. Yfirlýsingin gildir fyrir landareignina í heild sinni þrátt fyrir að seldar hafi verið lóðir úr umræddri landareign. Enn fremur hafi engin spjöll verið unnin á landareign kæranda né nokkurt rask átt sér stað og því ljóst að mati Orkustofnunar að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu ekki fyrir hendi. Orkustofnun hafnar því að RARIK beri að greiða kæranda bætur vegna lagningu heimtauga í seldar orlofshúsalóðir.

VI. Athugasemdir RARIK

RARIK vísaði til afstöðu sinnar í minnisblaði félagsins, dags. 5. september 2013, og svarbréfs RARIK til Orkustofnunar, dags. 28. október 2013, sem lögð voru fram í undanfarandi málsmeðferð hinnar kérðu ákvörðunar. Um efni bréfanna vísast til umfjöllunar í málsatvikum hér að ofan.

VII. Sjónarmið kæranda vegna athugasemda Orkustofnunar og RARIK

Í athugasemdum sínum við athugasemdir OS og RARIK ítrekar kærandi fyrri rök sín og gerir jafnframt athugasemdir við að Orkustofnun haldi því fram að ósamræmi sé í frásögn kæranda án þess að greina frá í hverju ósamræmið liggur. Jafnframt telur kærandi að málsaðilum hafi verið mismunað við málsmeðferð hjá Orkustofnun. Kærandi setti jafnframt fram breyttar kröfur sem fjallað er um í kafla I.

VIII. Síðari athugsemdir Orkustofnunar

Orkustofnun ítrekar afstöðu sína og mótmælir sem röngum ásökunum um að ekki hafi verið gætt jafnræðis við töku ákvörðunar. Stofnunin telur vandaða stjórnsýsluháttu hafi notið við og rannsóknarskyldu hafi verið sinnt ítarlega. Málsaðilar hafi fengið andmælarétt og RARIK verið krafisíð um gögn máli sínu til stuðnings.

Orkustofnun telur að gögn málins sýni glöggt hvar aflestrarmælir er staðsett. Orkustofnun fær ekki séð að RARIK hafi brotið gegn 16. gr. raforkulaga og hamlað aðgengi að aflestrarmæli. Orkustofnun telur ekki tilefni til kröfu um endurgreiðslu.

Orkustofnun vísar til þess að dreifiveitur setji gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk samkvæmt 17. gr. og 17. gr. a í raforkulögum. Orkustofnun telur gjaldskrá RARIK uppfylla lagalegar kröfur sem til þeirra eru gerðar þ.m.t. gjald fyrir lagningu heimtaugar. Tengigjald er greitt samkvæmt verðskrá RARIK og við það öðlast notandi aðgang að dreifikerfi RARIK. Almennt er það svo að heimtaug er lögð í hvert hús fyrir sig í samræmi við tæknilega tengiskilmála. Í máli kæranda hafi hins vegar verið samið um að hann myndi sjálfur annast dreifingu um orlofshúsahverfi sitt og bera allan kostnað og ábyrgð á henni. Þetta komi fram í umsókn tengingu þar sé jafnframt óskað eftir einni mælingu þrátt fyrir að fram komi að tengingin sé fyrir sjö sumarhús. Kostnaður við fyrrkomulag í máli kæranda er tölувert minna en þegar heimtaug er lögð í hvert orlofshús. Kostnaður við lagningu heimtauga hefur ekki áhrif á verðskrá fyrir dreifingu og flutning raforku. Notandi rafmagns verði ávallt að greiða dreifiveitu fyrir flutning og dreifingu á raforku, óháð því hvort notandi hafi sjálfur lagt út fyrir kostnaði við lagningu heimtaugar eða átt viðskipti við dreifiveitu um lagningu hennar.

Varðandi leigu fyrir landnotkun vegna heimtauga áréttar Orkustofnun að nýjar heimtaugar voru lagðar að orlofshúsalóðum, sem kærandi seldi úr landareign sinni, að beiðni lóðarkaupanda. Þær heimtaugar voru lagðar í göngustíga og götuslöða. Dreifiveitu ber samkvæmt 16. gr. raforkulaga að tengja alla sem eftir því sækjast að öllum skilyrðum uppfylltum og gegn greiðslu tengigjalds. Orkustofnun bendir á að lagning heimtauga í umræddar orlofshúsalóðir hafa ekki með nokkru móti skert umráðarétt kæranda á landareign sinni þar sem lagnir voru lagðar í vegi og grafnir skurðir á eignarlóðum orlofshúsaeigenda.

Orkustofnun telur að ekkert bendi til þess að viðskipti kæranda og RARIK hafi verið óeðlileg eða ósanngjörn með þeim hætti að hallað hafi verið á kæranda málsins. Aðilar hafi samið sín á milli um tiltekið fyrrkomulag við lagningu raflagna um orlofshúsahverfi kæranda og kveður Orkustofnun það vera mat stofnunarinnar að RARIK hafi ekki farið út fyrir lagaheimild sína í þessum viðskiptum.

IX. Síðari athugsemdir RARIK

RARIK telur haldslaust að byggja á því að fella beri niður uppgjörsreikning á þeim grundvelli að kærandi hafi ekki haft aðgang að mælingu raforkunotkunar. Ekki verði séð af málatilbúnaði kæranda að raforkunotkunin sem slík sé vefengd, enda sé hún studd fullnægjandi gögnum. Ekki er fallist á að umrædd raforkunotkun sé kæranda endurgjaldslaus

enda stóð það honum nær að óska eftir upplýsingum ef hann teldi þær ekki nægjanlega aðgengilegar. Kærandi hafi lengi haft aðgang að aflestrarmæli og sá aðgangur hafi ekki breyst við stækken spennistöðvar árið 2008, það sé staðfest af vettvangsskoðun Orkustofnunar. RARIK telur félagið hafa fylgt ákvæðum raforkulaga og virt jafnræði í máli þessu.

RARIK bendir á að kærandi setji fram kröfu um að aflestrarmælar verði settir upp honum að kostnaðarlausu við sölu einstakra orlofshúsa. Hins vegar hafi samkomulag áður komist á með kæranda um að afhendingarstaður rafmagns væri við spennistöð. Vilji kærandi breyta þeirri tilhögun fer kostnaður vegna lagningu heimtaugar og aflestrarmælis í hvert hús eftir gildandi gjaldskrá. RARIK hafnar kröfum kæranda um rétt hans til aflestrarmælis við hvert og eitt orlofshús án endurgjalds. RARIK telur jafnframt að krafa kæranda um aflestrarmæla sé ekki tæk til efnismeðferðar þar sem um sé að ræða skilyrta kröfu vegna hugsanlegra atvika í framtíðinni. Vegna þess hafi kærandi ekki lögvarða hagsmuni af þessari kröfu.

RARIK bendir á að samkomulag sé um lagningu raflagna sem fara um land hans og götukassa og því beri að hafna kröfum um leigu fyrir landnotkun. Lagning umræddra lagna hafi óveruleg áhrif á landsvæði kæranda enda lagðar í göngustíga og gönguslóða að umræddum orlofshúsum. RARIK bendir jafnframt á að lagning heimtauga við spennistöð sé ekki leyfisskyld framkvæmd og því eigi ákvæði 2. mgr. 9. gr. og 21. gr. raforkulaga ekki við. Gera verði greinarmun á almennum takmörkunum á eignarráðum annars vegar, og eignarnámi sem þarf að uppfylla kröfur stjórnarskrár hins vegar. Umrædd lagning raflagna hafi valdið óverulegri röskun á högum kæranda. Sambærilegar raflagnir séu lagðar um landsvæði margra aðila án bóta og þjóni því mikilvæga hlutverki við að tengja húsnæði við rafmagn. Hér sé því um að ræða almenna takmörkun á eignarráðum sem er heimil án greiðslu bóta.

RARIK ítrekar fyrri röksemadir sínar og telur að hafna beri kröfum kæranda eða eftir atvikum vísa þeim frá.

X. Niðurstaða úrskurðarnefndar raforkumála

Í 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og 23. gr. reglugerðar nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga, er sérstaklega kveðið á um starfsemi og skyldur dreifiveitna. Í 1. tölul. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga kemur fram að dreifiveitu sé skylt að tengja alla við dreifikerfið sem eftir því sækist, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá. Í 5. tölul. 3. mgr. 16. gr. sömu laga kemur m.a. fram að dreifiveitu sé skylt að mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem hún afhendir. Samkvæmt 6. tölul. 3. mgr. 16. gr. laganna ber dreifiveitu að veita m.a. viðskiptavinum sínum upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort hún fullnægi skyldum sínum. Þá segir m.a. í 7. tölul. 3. mgr. 16. gr. laganna að dreifiveitum sé skylt að gæta jafnræðis við starfrækslu sína.

Í 14. gr. reglugerðar nr. 1050/2004, um raforkuviðskipti og mælingar, er sérstaklega fjallað um mælingu á raforku í dreifikerfi. Í 2. mgr. reglugerðarinnar kemur m.a. fram að mælistastaður skuli vera sá staður í dreifikerfinu sem tilgreindur er sem notkunarstaður.

Ekki er deilt um það í máli þessu að dreifiveitu beri að tryggja notenda aðgengi að mælingum þótt ekki sé það útfært með hvaða hætti það skuli tryggt í þeim lögum og reglum sem hér koma til skoðunar.

Krafa kæranda um að fella beri niður uppgjörsreikning að fjárhæð 190.000 kr., er byggð á því að RARIK hafi ekki sinnt skyldu sinni þess efnis að gera kæranda kleift að fylgjast með raforkunotkun sinni. Ekki verður þó séð að lagarök sem komi til skoðunar í máli þessu standi til þess að reikningur vegna raforkudreifingar skuli feldur niður jafnvel þótt sýnt væri fram á að notandi hefði ekki getað fylgst með raforkunotkun sinni eða að upplýsingagjöf um staðsetningu mæla hefði verið ábótavant. Að auki benda gögn málsins, þ.m.t. frásögn af vettvangsgöngu starfsmanna Orkustofnunar, eindregið til þess að kærandi hafi á viðkomandi tímabili haft aðgang að aflestrarmæli og þannig getað fylgst með raforkunotkun sinni án verulegrar fyrirhafnar. Þá er litið til þess að kærandi hefur ekki borið brigður á að hin skráða raforkunotkun sem uppgjörsreikningur byggist á hafi átt sér stað. Að mati úrskurðarnefndar raforkumála er því ekki lagagrundvöllur til þess að verða við kröfu kæranda um niðurfellingu uppgjörsreiknings. Er kröfunni því hafnað.

Kærandi gerir einnig kröfu um að aflestrarmælir verði strax settur upp við eitt af húsum á orlofssvæði kæranda eða tengdur við götukassa í landi hans. Af gögnum málsins má ráða að aflestrarmælir sé staðsettur á tengistað þar sem mörk dreifiveitu og eigin lagna kæranda eru. Er þetta í samræmi við 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 1050/2004, um raforkuviðskipti og mælingar. Er það mat úrskurðarnefndar raforkumála að kærandi eigi ekki kröfu til þess að RARIK færi raforkumælinn endurgjaldslaust og finni honum stað við eitt húsa kæranda. Er kröfunni því hafnað.

Þá er gerð krafa um að við sölu á orlofshúsum kæranda á orlofshúsasvæði í hans eigu verði aflestrarmælar settir upp honum að kostnaðarlausu. Þessi krafa kæranda felur í sér að vikið verði frá núverandi fyrirkomulagi sem samið var um fyrir nærrí 20 árum og fól í sér frávik frá því sem almennt er um tengingar af þessum toga. Frávakin fólu í sér fjárhagslegt hagræði fyrir kæranda. Ljóst er að með því að hafa einungis einn rafmagnsmæli fyrir sjö hús hefur kærandi sparað sér fjármuni, m.a. vegna mælagjalds undanfarna nærrí two áratugi. Vilji kærandi nú, eða síðar við sölu einstakra húsa, hverfa frá hinu umsamda fyrirkomulagi verður slikt einungis gert með samningum við dreifiveitu á svæðinu, þ.e.a.s. ósk um beina tengingu viðkomandi orlofshúsa við dreifikerfi svæðisins. Engin lagarök standa til þess að vikið verði frá umsömu fyrirkomulagi á kostnað RARIK, og því í raun á kostnað allra raforkunotenda á dreifiveitusvæði RARIK. Er kröfu þessari því hafnað.

Kærandi gerir einnig kröfu um að honum verði endurgreidd oftekin gjöld vegna þess að hann sé sjálfur eigandi heimtauga og að endurgjald fyrir dreifingu raforku verði lækkað af sömu ástæðu. Krafa þessi er ekki sett fram með skýrum hætti. Ekki er ljóst hver fjárhæð meinstrar ofgreiðslu sé. Krafan virðist á því byggð að þar sem kærandi hafi sjálfur séð um að leggja raflagnir í orlofshúsin sjö, sem fyrr eru nefnd, hafi RARIK allt frá tengingu krafist hann um of hátt gjald vegna dreifingar raforku. Eins og mál þetta liggar fyrir úrskurðarnefnd raforkumála verður ekki annað séð en samið hafi verið um í öndverðu að kærandi sæi um að leggja raflagnir frá afhendingarstað og um orlofshúsabyggð sína. Fyrirkomulag þetta er ekki almennt við tengingar af þessum toga en virðist af gögnum málsins hafa komið til að ósk kæranda.


Ekki verður annað séð en kærandi hafi borið kostnað af lagningu raflagnanna um orlofshúsasvæði sitt. Hins vegar mun kærandi ekki hafa greitt heimtaugargjald vegna orlofshúsanna heldur einungis tengigjald. Staða kæranda er að þessu leyti sambærileg við stöðu annarra raforkukaupenda þ.e.a.s. kærandi greiddi ekki heimtaugargjald en hafði í staðinn kostnað af lagningu raflagna um orlofshúsasvæði sitt. Til samanburðar hafa raforkukaupendur almennt ekki kostnað af lagningu raflagna utanhúss en greiða hins vegar heimtaugargjald til viðkomandi dreifiveitu þegar þeir tengast dreifiveitu. Í ljósi ofangreinds verður ekki séð að kæranda sé mismunað eða á honum brotinn réttur þó honum sé gert að greiða fyrir dreifingu raforku á grundvelli gjaldskrár líkt og öðrum raforkunotendum. Þessari kröfu er því einnig hafnað.

Þá krefst kærandi að RARIK greiði sér leigu fyrir landnotkun vegna heimtaugar og sölu á raforku til annarra notenda. Teljist samningar milli landeiganda og dreifiveitu ekki heimila þá landnotkun sem starfsemi dreifiveitu felur í sér kunna að koma til álita ákvæði VI. kafla raforkulaga en þar er að finna ákvæði um skyldur landeigenda, eignarnáms- og bótaákvæði. Samkvæmt 23. gr. laganna er ákvörðunarvald um slík málefni í höndum ráðherra en ekki Orkustofnunar. Samkvæmt 30. gr. raforkulaga nær valdsvið nefndarinnar aðeins til endurskoðunar á ákvörðunum Orkustofnunar. Ber því að vísa kröfu þessari frá úrskurðarnefndinni.

Hvað málsméðferð Orkustofnunar snertir er það mat úrskurðarnefndar raforkumála að ekkert hafi komið fram sem leiðir til ógildingar ákvörðunarinnar. Er það mat nefndarinnar að Orkustofnun hafi í aðalatriðum viðhaft eðlilega og vandaða stjórnsýsluhætti við afgreiðslu á erindi kæranda. Rétt er þó að taka fram að eðlilegra hefði verið og til þess fallið að upplýsa málið betur ef aðilum málsins hefði verið gefinn kostur á að vera viðstaddir vettvangsskoðun.

Úrskurðarorð

Kröfum kæranda um niðurfellingu uppgjörsreiknings, uppsetningu nýrra aflestrarmæla raforku við hús kæranda eftir því sem kærandi selur þau og um tilfærslu á núverandi aflestrarmæli að einu hús kæranda á landssvæði hans er hafnað. Þá er kröfu kæranda um endurgreiðslu meintra oftekinna gjalda og lækkun gjaldskrár hafnað. Vísað er frá nefndinni ágreiningi um leigu fyrir landnotkun.




Pétur Örn Sverrisson, hrl.

Formaður



Kristín Haraldsdóttir



Sandra Franks